

Ungbarnaleikskólinn Ársól



Námskrá

4. Útgáfa

Ungbarnaleikskólinn Ársól
Heilsuleikskóli
Völundarhúsum 1
112 Reykjavík
Sími: 563-7730 Netfang: arsol@skolar.is
Veffang: <http://arsol.skolar.is/>

EFNISYFIRLIT

LEIKUR OG NÁM	5
NÁM Í LEIK	5
NÁM Í DAGLEGU LÍFI LEIKSKÓLA	5
NÁM Í SAMSKIPTUM	6
NÁM Í SKAPANDI STARFI OG SKAPANDI HUGSUN	6
SKÓLANÁMSKRÁ	7
LÖG UM LEIKSKÓLA	7
REGLUGERÐ UM STARFSEMI LEIKSKÓLA	7
AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA	8
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLANS.....	9
LÆSI OG SAMSKIPTI	9
HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN	9
SKÖPUN OG MENNING	10
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.....	12
LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI	13
NÁM ÁN AÐGREININGAR – SÉRKENNSLA	13
SAGA LEIKSKÓLANS.....	14
STEFNA LEIKSKÓLANS	14
UPPHAF HEILSUSTEFNUNNAR	15
HEILSULEIKSKÓLI	15
HEILSUBÓK BARNINS	16
ÁHERSLUÞÆTTIR HEILSUSTEFNUNNAR.....	16
NÆRING.....	16
HREYFING.....	17
SKÖPUN	17
HEILSUEFLANDI LEIKSKÓLI	17
GÁTLISTAR HEILSUEFLANDI LEIKSKÓLA	18
GRÆNFÁNINN.....	19
UMHVERFISSÁTTMÁLI ÁRSÓLAR	20
HUGMYNDAFRÆÐI OG KENNINGAR.....	20
FRJÁLS LEIKUR	21
KÖNNUNARLEIKUR	21
VINÁTTUVERKEFNIÐ BLÆR	21
TÁKN MEÐ TALI	22
DAGLEGT LÍF Í LEIKSKÓLANUM	23
AÐLÖGUN	23
DAGSSKIPULAG	23

AÐ KOMA OG FARA	23
AÐ KLÆÐA SIG Í OG ÚR	24
BORÐHALD	24
SVEFN OG HVÍLD.....	24
HREINLÆTI	25
FRÁGANGUR OG SNYRTIMENNSKA	25
SAMVERUSTUNDIR.....	25
HÓPAVINNA.....	26
FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN.....	27
SAMSTARF	27
TRÚNAÐUR – TILKYNNINGARSKYLDA.....	27
FORELDRAFUNDIR	27
FORELDRASAMTÖL	28
FORELDRAFÉLAG OG FORELDRARÁÐ	28
MAT Á SKÓLASTARFI	29
INNRA MAT	29
SAMSTARFSAÐILAR	30
HEIMILDASKRÁ.....	31

INNGANGUR

Ungbarnaleikskólinn Ársól hóf starfsemi sína í desember 2008 og af því tilefni voru drög að skólanámskrá leikskólans gefin út. Skólanámskrá Heilsuleikskólans Króks í Grindavík, sem Skólar ehf. reka, var höfð til hliðsjónar við gerð hennar. Námskráin var aðlöguð aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 2011 og endanlega kláruð á haustmánuðum 2012. Önnur útgáfa var endurskoðuð í mars 2015, sú þriðja útgefin í júní 2018 og sú fjórða útgefin í júní 2020.

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) segir að skólanámskrá eigi að taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og skal hún unnin í samvinnu við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Með þetta að leiðarljósi var skipulögð vinna á fagfundum og starfsmannafundum þar sem starfsmenn Ársólar fengu tækifæri til að tjá sig einstaklingslega og í hópavinnu þar sem umræður og skráningar fóru fram.

Markmiðið var að gera skólanámskrána sem aðgengilegasta fyrir alla þá aðila sem munu koma til með að nýta sér hana. Á heimasíðu Ársólar er jafnframt hægt að kynna sér stefnu skólans og þá þætti leikskólastarfsins sem liggja til grundvallar skólanámskránni.

Skólanámskrá Ársólar verður gefin út í bundnu formi og einnig er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans <http://arsol.skolar.is/>.

Útgefandi: Ungbarnaleikskólinn Ársól

Ábyrgðarmaður: Berglind Grétarsdóttir

Ritnefnd: Kennarar Ársólar

Júní 2020

LEIKUR OG NÁM

Aðalnámskrá leikskóla leggur áherslu á leikinn sem meginnámsleið barna. Þar segir að leikurinn sé eðlislægur börnunum og búi þeim tækifæri til þess að læra á og skilja umhverfi sitt.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, það er að segja efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni.

Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Þeir aðstoða börnin við að þróa leikinn og kenna börnunum að leika sér. Uppeldisfræðingar leggja áherslu á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleiðar. Margskonar upplifanir barnsins, svo og dagleg störf fullorðna fólksins, glæða leik barnanna lífi og innihaldi.

Nám í daglegu lífi leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Kennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, til dæmis í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Kennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við aðra, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði auk þess að efla sjálfstæði þeirra. Kennarar eiga að skapa aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margvíslega reynslu.



SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá á að mótast af aðalnámskrá leikskóla, sérstökum áherslum og stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hún á að veita heildaryfirlit yfir starfsaðferðir leikskólans og vera grundvöllur fyrir gæðamat og framþróun. Markmið námskrárinnar er að:

- skipuleggja uppeldi og nám barnanna
- stuðla að skilvirkara starfi
- gera leikskólastarfið sýnilegra
- sýna hvernig námssvið fléttast inn í starf leikskólans

Lög um leikskóla

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og markar upphaf formlegrar menntunar einstaklings. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri og mynda uppeldi, umönnum og menntun eina heild í leikskólastarfinu. Börnum er sýnd umhyggja og virðingu og fá þau hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og reglugerð með þeim og aðalnámskrá leikskóla.

Reglugerð um starfsemi leikskóla

Reglugerð um starfsemi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða í leikskólastarfinu og setur viðmið er varða húsnæði, búnað og útileiksvæði. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um reiknireglur vegna barnafjölda, upplýsingar um starfsemi leikskóla, samstarf heimilis og skóla og ýmislegt fleira.

Lög um leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla og aðalnámskrá leikskóla er að finna

á vefnum: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html> ,

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/655-2009> og

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf

Aðalnámskrá leikskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Námskráin á að tryggja samræmi og samhæfingu á milli ólíkra skólastiga þar sem grunnþættir menntunar koma fram. Hún á einnig að marka starfsramma fyrir stjórnendur, kennara og starfsfólk einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfinu. Aðalnámskráin er notuð til hliðsjónar við gerð skólanámskráa í einstaka skólum og innihaldastefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglegar áherslur og sérkenni hvers skóla. Námskráin er því ákveðinn rammi um leikskólastarfið í heild sinni.

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á sex grunnþætti sem fléttast inn í skólastarf allra skólastiga: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.* „Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2011).



Námskrá Ársólar mótast af þeim áherslum sem lagðar eru á í aðalnámskrá leikskóla, sérstökum áherslum Heilsustefnunnar og af þeim aðstæðum sem leikskólinn býr við. Jafnframt er tekið mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla sem eru samfella á milli skólastiga.

NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLANS

Leikskólastarfið fléttast saman í gegnum námssvið leikskólans, í daglegu lífi og leik barnsins. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmis konar leik-, náms- og samverustundir, bæði inni og úti.

Námssvið leikskólans skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt líf og hæfni barnanna. Með því er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft og má því segja að leikskólanámið sé í raun samfelld hæfninám. Til að öðlast hæfni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum og að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu. Hæfni felst einnig í því að tileinka sér lífsgildi og reglur sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Hæfni fléttast öllum þáttum leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2011).

Læsi og samskipti

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta og börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum og í leikskólanum er hvert tækifæri notað til málörvunar (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2011).

Í Ársól er lögð áhersla á myndmál. Notast er við myndrænar upplýsingar fyrir börnin og tákni með tali er notað í daglegu starfi. Söngstundir eru haldnar á hverjum degi og þar eru sungin lög og hreyfingar gerðar með, einnig er dansað og lesnar bækur fyrir börnin. Einu sinni í viku er sameiginleg söng- og hreyfistund í sal leikskólans.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá

tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Ung börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig og eru mikið á ferðinni. Í Ársól fá þau tækifæri til hreyfingar, bæði inni á deildum, í útiveru sem og í markvissum hreyfistundum tvisvar í viku.

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi, hún er börnum holl, styrkir þau og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Útiveran í Ársól miðast við veður hverju sinni en reynt er að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag. Í útiverunni leika börnin sér að mestu frjálst og fá tækifæri til að róla, renna sér og moka í sandkassa. Á sumrin lengist útiveran og farið er í gönguferðir og vettvangsferðir í næsta nágrenni.

Vettvangsferðir víkka sjóndeildarhring barnanna, þau kynnast nánasta umhverfi sínu og samfélagi. Heimsókn út í náttúruna og í nánasta umhverfi leikskólans gefur börnunum reynslu sem hægt er að vinna úr, t.d. í skapandi starfi. Í Ársól er farið í vettvangsferðir í litlum og stórum hópum þegar tækifæri gefast og veður leyfir.

Samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur sem leikskólinn vinnur eftir er lögð áhersla á fjölbreytt og hollt mataræði úr öllum fæðuflokkum. Ávextir og grænmeti eru á boðstólum að minnsta kosti tvisvar á dag. Reynt er að halda magni salts og sykur í algjöru lágmarki. Unnið er eftir næringarstefnu sem Samtök heilsuleikskóla gáfu út og hægt er að skoða hana á heimasíðu skólans.

Í Ársól er mikið lagt upp úr því að skapa umhverfi sem stuðlar að því að börnin fái góðan svefn og þeim gefinn góður tími til að vakna og ná áttum. Umhyggja skipar stóran sess í starfi ungbarnaleikskóla og mikilvægt er að starfsfólk myndi nán tengsl við börn og foreldra.

Sköpun og menning

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Skapandi starf á að beinast að ferlinu sjálfu, gleði, tjáningu og námi. Í Ársól fær hvert barn markvissa myndsköpunarstund einu sinni í viku þar sem meðal annars eru unnin þemaverkefni sem tengjast þemadögum leikskólans, Grænfanaverkefni, o.fl. Lögð er áhersla á að

sköpunargleði barna fái að njóta sín og að sjálft sköpunarferlið skipti meira máli en útkoman.

Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnst hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Í leikskóla er umhverfi sem hvetur börn til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt. Mikið er sungið í leikskólanum og stutt er við sjálfsprottinn söng barnanna og tilraunir með hljóðgjafa, til dæmis hristur og trommur. Í hópastarfi er unnið með tónlist á ýmsan hátt.



Í Ársól er farið í söngstundir inni á deildum á hverjum degi. Þar er dansað, hlustað á tónlist og kenndir fjölbreyttir söngvar. Meðal annars er unnið með tónlistarefnið Hopp og Hí sem er kennsluefni sem örvar hreyfiþroska og athygli barna á aldrinum níu mánaða til þriggja ára í gegnum leik og tónlist. Hildur Halldórsdóttir höfundur Hopp og Hí er fyrrum kennari í Ársól og tók skólinn þátt í þróun þetta kennsluefni áður en það var gefið út (Hildur Halldórsdóttir, 2016). Markmiðið er að börnin séu þátttakendur og upplifi leikgleði.

Sameiginlegar söngstundir eru einu sinni í viku í hreyfisal þar sem meðal annars eru sungin hreyfilög. Þegar börnin fara í markvissar hreyfistundir í sal fá börnin tækifæri til að hlusta á tónlist af ýmsu tagi sem tengist æfingum þeirra.

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun. Í Ársól hafa með tímanum myndast ákveðnar hátíðir og hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu okkar. Haldið er upp á alþjóðlega bangsadayinn, sérstök jóladagsskrá er í desember, þemadagar tengdir litum eru yfir árið, þorrablót, á öskudaginn er ball, páskar eru undirbúnir, haldinn tónlistar- og íþróttadagur, sumarhátíð haldin, afmælis dagar og fleira. Börnin kynnst ýmsu í menningu samfélagsins með þeim gömlu hefðum sem haldið er upp á í leikskólanum.

Sjálfbærni og vísindi

Allt frá því að börn fæðast fara þau að skoða umhverfi sitt. Þau kanna með því að horfa, hlusta, snerta, bragða og handleika í samskiptum við umhverfi sitt. Í Ársól er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til að nýta fyrri reynslu og byggja ofan á. Þau fá tækifæri til að handfjatla og kynnast nýjum efnivið á sínum forsendum. Mikilvægt er að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, sjálfu sér og hvert öðru (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2011).

Í Ársól er lagt upp með að börnin læri að hjálpa sér sem mest sjálf á þeirra forsendum, til dæmis í matmálstímum, fyrir og eftir útiveru og við frágang leikefnis.

Stærðfræðin er eitt af þeim námssviðum sem er stöðugt að fá meira vægi og er mikilvægt að leikskólinn taki þátt í þeirri þróun. Boðið er uppá stærðfræðileiki í frjálsa leiknum með efnivið eins og kubba og púsl. Rætt er um hlutföllin, stór – lítill, mikið – lítið, allt – ekkert, talnalög sungin og fram fer talning á ýmsu í umhverfinu.

Börnin fá tækifæri til þess að sulla með allskyns efnivið, til dæmis með með vatn, sand, hrísgrjón og ýmis efniviður er einnig notaður í myndlist.

Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun. Í Ársól er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðunum í sínum fjölbreytileika. Einnig er unnið að því að endurvinna úrgang sem til fellur innan leikskólans, meðal annars plast og pappír.



Lýðræði og jafnrétti

Í Ársól birtist lýðræði og jafnrétti í því hvernig talað er við aðra í leikskólanum og í leikumhverfi barnanna. Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu þar sem áhersla er lögð á góðan skólabrag og vinnustaðamenningu þar sem komið er fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Lagst er gegn hvers konar einelti og mismunun, bæði gagnvart börnum, starfsfólki og foreldrum. Til að ná settum markmiðum í jafnréttisstefnu skólans er starfsfólki leiðbeint um hvernig það getur greint kynjamismunun í orðræðu, námsaðferðum og -umhverfi leikskólans, til dæmis með því að hrósa ekki stelpum fyrir klæðaburð og tala um að strákar séu sterkir.

Börnin hafa tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku, meðal annars með því að velja það leikefni sem vekur áhuga þeirra. Einhver efniviður er hafður í hæð barnanna en vegna ungs aldurs þeirra er aðgengi takmarkað en efniviður þó hafður sýnilegur. Börnin geta því bent á það leikefni sem vekur áhuga þeirra þó svo að þau geta ekki náð í það sjálf.

Þegar börnin eru orðin örugg í leikskólanum er boðið er upp á flæði reglulega þar sem opið er á milli deilda og börnin geta valið hvert þau fara. Einnig eru settar upp stöðvar á þemadögum eins og umhverfis-, tónlistar- og íþróttadögum. Kennararnir eru alltaf nálægt og vekja áhuga og styðja við val barnanna hverju sinni.

Nám án aðgreiningar – sérkennsla

Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert barn fái viðgangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag.

Í Ársól fá börn með fötlun og börn með frávík í þroska sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópnum með öðrum börnum og er eitt af aðalmarkmiðum Ársólar að styrkja barnið félagslega með jafnöldrum. Leitast er við að ráða kennara með sérþekkingu og eru þeir ásamt deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu einstaklingsáætlanir vegna barnanna og þeim framfylgt.



SAGA LEIKSKÓLANS

Ungbarnaleikskólinn Ársól er þriggja deilda leikskóli sem rekinn er af Skólum ehf. með þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Hann hóf starfsemi í desember 2008 og var formlega vígður 19. febrúar 2009. Skólar ehf., sem reka fjóra leikskóla á suðvesturhorni landsins, höfðu lengi haft áhuga á því að opna ungbarnaleikskóla í Reykjavík og fundu húsnæði í Sólheimum 31-35 í samstarfi við Reykjavíkurborg. Leikskólinn flutti sig um set í júlí 2016 og er núna starfræktur í húsnæði við Völundarhús 1 í Grafarvogi, þar sem leikskólinn Sjónarhóll var áður til húsa. Húsnæðið er 321 m² að stærð og þar af 244 m² leikrými.



STEFNA LEIKSKÓLANS

Ungbarnaleikskólinn Ársól er með pláss fyrir um 55 börn á aldrinum níu mánaða til þriggja ára og er aldursamsetning eins á öllum deildum. Litið er á leikskólann sem eina heild og börn á öllum deildum hittast reglulega í útiveru, í söngstund einu sinni í viku, í íþróttasal og í frjálsum leik á sameiginlegum svæðum skólans.

Starfsfólk skólans hefur sett sér gildi sem það starfar eftir og eru þau sýnileg í starfinu með börnunum, foreldrum og gagnvart hvert öðru. Gildin eru *jákvæðni, gleði, kærleikur* og *traust*.

Ársól er heilsuleikskóli sem starfar eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og starfi. Skólinn er einnig þátttökuskóli í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis landlæknis.

Upphaf Heilsustefnunnar

Upphaf Heilsustefnunnar má rekja til Unnar Stefánsdóttur (1951-2011) leikskólastjóra í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi sem hafði frumkvæði að móttun stefnunnar fyrir leikskóla. Markmið hennar er að auka gleði og vellíðan barnanna og lögð er áhersla á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og starfi.

Í einföldu máli er hugmyndin sú að ef barn fær hollan og næringarríkan mat og mikla hreyfingu hafi það aukna þörf til að skapa. Urðarhóll var fyrsti leikskólinn til að fá titilinn heilsuleikskóli og var vígður sem slíkur 1. september 1996. Í kjölfarið tóku fleiri leikskólar upp heilsustefnuna og Samtök heilsuleikskóla voru stofnuð í nóvember 2005. Unnur Stefánsdóttir var fyrsti formaður samtakanna. Í júní 2020 eru starfræktir 23 leikskólar á landinu sem eru viðurkenndir heilsuleikskólar og einn er á heilsubraut, á leið sinni til að uppfylla viðmið til að fá formlega viðurkenningu sem heilsuleikskóli.

Heilsuleikskóli

Til að öðlast titilinn Heilsuleikskóli þarf að uppfylla ákveðin viðmið og í kjölfarið fá leikskólarnir afhentan fána eða skjöld með heilsumerkinu ásamt viðurkenningarskjali. Heildarsýn skólans þarf að miðast við heilsueflingu í hvívetna. Lögð er áhersla á fjölbreytta næringu, markvissar hreyfistundir og að börnin fái tækifæri til að skapa í leik og starfi. Kennarar í heilsuleikskóla verða að gera sér grein fyrir mikilvægi uppeldishlutverksins og tileinka sér jákvætt viðhorf gagnvart heilbrigðum lífsstíl. Ársól fékk vígslu sem heilsuleikskóli þann 13. júní 2013.

Heilsubók barnsins

Kennarar Urðarhóls gáfu út Heilsubók barnsins og Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir leikskólakennari hannaði merki heilsuleikskóla. Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði Heilsuleikskóla og metur hvort settum markmiðum heilsustefnunnar er náð. Bókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir ennfremur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum.

Heilsubók barnsins var miðuð út frá tveggja til sex ára börnum og því gat Ársól ekki nýtt sér það rit. Eftir aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla árið 2010 var ákveðið að skipa starfshóp til að semja „Ungbarnaheilsubók“. Sú vinna þróaðist út í rit sem kallast „Áhersluþættir Heilsustefnunnar“. Markmið þess er að ná fram sameiginlegri sýn á áhersluatriðum heilsuleikskóla. Kennarar og foreldrar fara saman yfir áhersluþættina og varpa ljósi á hvernig hægt er að gera umhverfið hvetjandi fyrir börnin til aukinnar færni þeirra og þroska. Að auki var skráningarblaði fyrir börn yngri en tveggja ára bætt inn í heilsubókina til að skrá fyrir foreldraviðtöl.

ÁHERSLUÞÆTTIR HEILSUSTEFNUNNAR

Næring

Leikskólinn stuðlar að góðum matarvenjum og hollustu með áherslu á ferskleika og fjölbreytni. Lögð er áhersla á aukna grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og að fara hóflega í neyslu á sykri, salti og fitu. Vatn er aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Við samsetningu matseðla er tekið mið af ráðleggingum Embættis landlæknis varðandi næringu barna ásamt því að næringarfræðingur Samtaka heilsuleikskóla fer yfir matseðla og kemur með góð ráð og tillögur.

Hreyfing

Í Heilsustefnunni er unnið markvisst með hreyfingu á þann hátt að öll börn fá skipulagðar stundir 1-2 sinnum í viku. Í Ársól fá öll börn skipulagðar hreyfistundir að minnsta kosti tvisvar í viku með fagstjóra í hreyfingu í krefjandi umhverfi, bæði innan veggja leikskólans sem utan. Markmið með hreyfistundum er að efla alhliða þroska barnsins, líkamlega og andlega vellíðan sem stuðlar að aukinni félagsfærni og leikgleði.



Í aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að skólar sem leggja áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi leggja grunninn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar.

Sköpun



Mikilvægt er að tengja saman fjölbreytt tjáningarform sköpunar, s.s í leik, máli, myndlist, tónlist, hreyfingu og dansi. Í Ársól er hvert tækifæri nýtt til sköpunar og lögð er áhersla á að vinna með einn eða fleiri þætti sköpunar í einu. Leikumhverfi barnanna ýtir undir sköpunargleði, eflir sjálfstraust og ímyndunarafli barnanna ásamt því að viðhalda forvitni þeirra. Ferlið sjálft skiptir meira máli en útkoman.

Börnin fá að auki tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið og þjálfu upp færni sem leiðir af sér að geta þeirra þróast og eflist.

HEILSUEFLANDI LEIKSKÓLI

Ársól tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum Embætti landlæknis. Skólinn var þróunaskóli verkefnisins frá árinu 2013 og skipaður var stýrihópur til að fara yfir kaflann um hreyfingu. Þær athugasemdir sem stýrihópurinn kom voru sendar á Embætti landlæknis.

Verkefnið tók svo formlega til starfa haustið 2016 og var Ársól fyrsti leikskólinn á Íslandi til að sækja formlega um þátttöku í verkefninu.

Eins og kemur fram á vef Embætti landlæknis er verkefninu Heilsueflandi leikskóli ætlað „að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans“. Það er mikill samhljómur með starfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþáttum um heilbrigði og velferð eins og kemur fram í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi.

Gátlistar Heilsueflandi leikskóla

Heilsueflandi leikskóli leggur áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem eru *hreyfing, mataræði, geðrækt, tannheilsa, öryggi, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk*. Skólarnir setja sér heilðræna stefnu og tímasetta aðgerðaráætlun. Þeir fá einnig aðgang að innri vef verkefnisins, heilsueflandi.is, þar sem hægt er að fylla út gátlista fyrir hvern lykilþátt. Út frá niðurstöðum á hverjum þætti er hægt að sjá hvað þarf að bæta og leggja áherslu á.

Heilsueflandi leikskóli og Heilsustefnan passa vel saman því það má segja að Heilsueflandi leikskóli á vegum Embætti landlæknis sé ramminn en Heilsustefnan einblínir meira á innra starfið og barnið sjálft með skráningu í heilsubók barnsins.



GRÆNFÁNINN

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum (*Skólar á grænni grein*, Eco-Schools Iceland, e.d.). Þeir leikskólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö en þau má sjá á heimasíðu landverndar (*Skrefin sjö*, e.d.). Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár en sú viðurkenning endurnýjast ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Ársól flaggaði í fyrsta sinn Grænfána 25. september 2015 og í annað skipti 19. febrúar 2018.



Leikskólinn hefur nú þegar unnið með þemun *Neysla og úrgangur*, *Orka*, *Lýðheilsa*, *Lífþreytileiki* og *Vatn*.

Markmið skólans 2018-2020 voru að vinna með *Vatn* og *Lífþreytileika* með því að:

- Að nemendur kynnist birtingamyndum vatns í hópastarfi og útiveru
- Útbúa fuglahús á lóð leikskólans
- Vinna með lífþreytileika í nánasta umhverfi leikskólans
- Að börnin fylgist með fuglum
- Að börnin læri að þekkja krumma og læri um hann á fjölbreyttan hátt
- Uppfæra upplýsingar um Grænfánann á heimasíðu leikskólans
- Setja upp Grænfánavegg á veggjum leikskólans



Ársól fékk úttekt frá Landvernd á stöðu mála þann 19. maí 2020 og fékk leikskólinn þann heiður að flagga fánanum í þriðja sinn 19. júní 2020. Í framhaldinu mun leikskólinn setja sér ný markmið til þess að vinna með að minnsta kosti fram til ársins 2022.

Umhverfissáttmáli Ársólar

Ungbarnaleikskólinn Ársól leggur áherslu á að börnin fái að kynnast náttúrunni sinni og upplifa og njóta hennar á eigin forsendum. Við förum vel með náttúruauðlindirnar, spörum orku, flokkum úrgang og endurnýtum það sem er hægt. Við leggjum áherslu á að börnin noti efnivið úr náttúrunni og læri að endurnýta efni til sköpunar. Við viljum hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og vera góð fyrirmynd í umhverfismálum.



tréið
● ●



vinur
● ●

HUGMYNDAFRÆÐI OG KENNINGAR

Hinar ýmsu kenningar uppeldisfræðinga eru hornsteinn uppeldisstarfs leikskóla. Starfið í ungbarnaleikskólanum Ársól byggir á kenningum uppeldisfrömuðarins og heimspekingsins Johns Dewey (1859-1952) ásamt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur.

Dewey lagði áherslu á uppgötvunarnám, sem felst í að börn læri í gegnum leik með því að prófa sig áfram (learning by doing). Hann taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga. Hann lagði einnig áherslu á að vinnuferlið sjálft væri lærdómsríkara en útkoman, það er að þekkingin mótist ekki af lausninni sjálfri heldur því sem gerist við að leita hennar. Barnið lærir ekki af því að taka á móti, heldur í samspili við þekkingu þess á veröldinni í gegnum skynfærin. Uppeldisumhverfi barnsins og sá efniviður sem það hefur skiptir því sköpum. Hann lagði höfuðáherslu á virðingu fyrir barninu og þörfum þess.

Dewey lagði til að unnið væri með ákveðið þema á afmörkuðu tímabili og hvatti kennara til að samþætta námsgreinar. Bæði hugmyndir um heildtæka skólustefnu og blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna í skólakerfinu eru í samræmi við hugmyndafræði Dewey.

Frjáls leikur

Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Í Ársól er lögð rík áhersla á frjálsan leik og honum gefinn nægur tími.



Könnunarleikur

Könnunarleikurinn (e. Heuristic play with objects) byggist upp á því að barnið fái að rannsaka og handfjatla ýmislegt hversdagslegt og verðlaust efni til að leika með og kanna á eigin forsendum án stýringar frá kennara. Í leiknum fá börnin tækifæri til að kanna mismunandi hluti á ýmsa vegu auk þess sem þau þjálfa skynfæri sín og fá útrás fyrir forvitni og uppgötvunarþörf. Markmiðið er að þroska einbeitingu, athyglisgáfu og örva skynfærin með því að barnið rannsaki og uppgötvi. Leikurinn felur einnig í sér málörvun þar sem barnið lærir að tengja orð við hluti og aðgerðir. Félagsleg samskipti eflast við að leika við aðra og tjáskipti eflast um leið ásamt því að aukið er á orðaforða barnanna. Dæmi um efnivið í Könnunarleik eru stór og lítil ílát úr plasti, áli eða pappa, þvottaklemmur, sturtuhringir, lok af krukum, lyklar, hólkar úr pappa eða plasti og svo mætti lengi telja.



Vináttuverkefnið Blær

Haustið 2019 var vináttuverkefnið Blær tekið í notkun í Ársól eftir að allt starfsfólk hafði farið á námskeið um aðferðina. Markmið með verkefninu er að efla félags- og tilfinnanlega hæfni barna og hafa jákvæð áhrif á barnahópinn. Hugmyndafræði Vináttuverkefnisins gengur út á það að starfsfólk sé fyrirmyndir barnanna og hafi þá

hvatningu og leiðsögn til að byggja upp og þróa jákvæða menningu innan leikskólans. Áhersla er á merkjamál fyrir öll börn, tilfinningar eru tjáðar með handahreyfingu sem sýnilegar eru á deildunum. Dæmi um tilfinningalegt merkjamál er tákni fyrir að gráta, að vera reiður og að segja stopp við einhvern annan sem fer yfir mörkin þín.

Hvert barn fær lítinn Blæ-bangsa í leikskólanum sem þau fá að nota eftir þörfum, bangsinn er merktur þeim og er þeirra eign þegar þau hætta í Ársól. Starfsmaður skólans útbjó veggteppi með vösum fyrir bangsana svo þeir væru sýnilegir börnunum á hverjum degi. Verkefninu fylgir einnig stærri bangsi sem notaður er í samverustundum og í sérstökum Blæ-stundum.



Tákni með tali

Tjáskiptaaðferðin tákni með tali (TMT) var upphaflega þróuð til að aðstoða nemendur með málþroskaröskun. Einföld hreyfitákni einkenna aðferðina sem eru notuð markvisst til stuðnings töluðu máli. Tákni eru gerð með bendingum, látbragði og svipbrigðum að viðbættum táknum úr táknmáli heyrnarlausra. Áhersla er lögð á að tákna lykilatriði hverrar setningar en ekki öll orðin. Aðferðin er talin vera málörvandi fyrir öll ung börn og er skemmtilegt málörvunartæki sem um leið hjálpar þeim sem sérstaklega þurfa á að halda. Í Ársól er TMT notað í söngstundum, við matarborðið og í daglegum athöfnum.



DAGLEGT LÍF Í LEIKSKÓLANUM

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Markmiðið er að börnin finni fyrir öryggi og hlýju í Ársól. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Návist kennarans við barnið í leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum dýpra gildi og þar spilar lykilpersónan stórt hlutverk.

Aðlögun

Börnin hafa sína lykilpersónu sem sér um aðlögun þess og umönnun. Miðað er við að fjögur til fimm börn séu á hvern kennara. Áður en börnin byrja í aðlögun fer kennari ásamt leikskólastjóra í heimsókn heim til barnanna. Þar fer fram upplýsingamiðlun og einnig gefst tækifæri til að efla samstarf heimilis og skóla. Í Ársól fer fram þátttöku aðlögun þar sem foreldrar eru með börnunum í þrjá daga og taka þátt í starfinu í góðri samvinnu við starfsfólk. Oftast eru fleiri en eitt barn í aðlögun á sama tíma og foreldrarnir fá þá tækifæri til að kynnst öðrum í sömu aðstæðum. Í þessa þrjá daga kynnst foreldrarnir og börnin kennurum barnanna og starfinu í leikskólanum, foreldrarnir öðlast öryggi í nýja umhverfi barnsins og smita það öryggi til barnanna.

Dagsskipulag

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagsskipulagi sem þó er sveigjanlegt. Það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, svefntíma og lögð er áhersla á að það sé til viðmiðunar í starfi okkar með börnunum.

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það sjálft og foreldrar þess finni að barnið sé velkomið í leikskólann. Þegar barnið kemur í leikskólann á að fylgja því inn á deild þar sem kennarar taka á móti því og þegar barnið er sótt verður að láta kennara

vita. Í lok dags er mikilvægt að kveðja og þakka fyrir daginn því þá fer barnið ánæggt heim og hlakkar til að koma aftur í leikskólann.

Að klæða sig í og úr

Í fataherberginu fer fram mikil kennsla og nám. Börnin fá hjálp við að klæða sig í og úr en smám saman læra þau að bjarga sér sjálf. Nauðsynlegt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og í samræmi við veður og einnig þannig að börnin geti lært að klæða sig í fötin sjálf.

Borðhald

Matartímar eiga að vera notaleg stund þar sem öllum líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar gefast gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Kennarar eru fyrirmynd barnanna og matast með þeim. Kennarar aðstoða börnin við að mata sig en smátt og smátt læra börnin að mata sig sjálf.



Svefn og hvíld

Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni. Fyrst um sinn þurfa einhver börn að taka tvo lúra yfir daginn en þegar á líður fara öll börnin í hvíld eftir hádegisverð. Í Ársól sofa börnin oftast úti í vagni. Sum börnin geta svo flutt sig inn síðar og koma þá með teppi, kodd og jafnvel bangsa að heiman. Þetta er gert svo þau upplifi sig öruggari á nýjum hvíldarstað með hluti sem þau þekkja.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi. Börnin eru þvegin eftir matmálstíma og eins og þörf er á fyrir ung börn, til dæmis eftir útiveru. Flest börn eru með bleyjur og hreinlætisumönnun þeirra miðast við það. Mikilvægt er að gæta þess að það gangi vel og jákvætt fyrir sig. Hér gefst gott tækifæri fyrir kennara að spjalla við barnið, syngja lag eða telja tásur og því verða bleiuskipti oft að notalegri stund. Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér aukafatnað sem þau geyma í körfum ef óhöpp verða. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu.

Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi og frágangi fyrir og eftir ýmis verkefni og leik. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé sýnilegur börnunum.

Samverustundir

Í Ársól er farið í söng- og samverustundir á hverjum degi. Þar er stuðlað að alhliða námi auk þess sem lögð er áhersla á að eiga notalega stund saman. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra.

Í Ársól miðast samverustundirnar við rútínu barnanna og í þeim eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman.

Hópavinna

Börnunum er raðað í hópa eftir aldri. Hvert barn á sinn hóp og er með sinn hópstjóra sem er lykilpersóna barnsins. Það auðveldar þeim að tengjast vel einum kennara. Börn, sem eru saman í hóp, læra að þekkja hvert annað og treysta hvert öðru og er það grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Í hópavinnu fara börnin í hreyfistundir, útinám, listsköpun, frjálstan leik og margt fleira. Hlutverk hópstjórans er að halda utan um hópinn, kenna þeim að leika sér saman, kenna þeim samskipti o.fl.



FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Samstarf

Þegar barnið fær leikskólavist er foreldrum boðið í viðtal til leikskólastjóra sem sýnir þeim leikskólann og kynnir stefnu hans. Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum meðal annars með heimsóknnum heim til barnanna. Í Ársól er þátttökuáðlögun og á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Trúnaður – tilkynningarskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af störfum. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Reykjavíkurborgar, sbr. 17. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir tvisvar sinnum á ári, að vori áður en börnin byrja í leikskólanum og að hausti í upphafi skólaárs. Á foreldrafundum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Skólanámskrá leikskólans og aðrar áætlanir eru kynntar og ræddar og skipst er á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í

leikskólastarfinu. Á haustfundi er kosið í stjórn foreldraráðs og –félags og einnig er óskað eftir þátttöku foreldris í Grænfánateymi skólans.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða hópstjóri veita foreldrum samtál einu sinni til tvisvar á ári þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Samtalið er byggt á upplýsingum um barnið, athugunum á færni og þroska í leik og starfi, og Heilsubók barnsins. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Foreldrar eiga þess utan alltaf kost á því að fá viðtalstíma við kennara ef þeir hafa þörf fyrir að ræða málin.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldraráð leikskólans hefur verið sambland af ráði og foreldrafélagi. Virkt foreldraráð er í Ársól og markmið þess er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna í leikskólanum. Einnig hefur það með málefni innra starfs leikskólans að gera. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldraráðsins og bjóða sig fram í það. Mánaðarlega greiða foreldrar gjald til að standa meðal annars undir kostnaði við vorhátíð leikskólans. Foreldrafélagið hefur einnig gefið leikskólanum gjafir sem koma sér vel í starfinu með börnunum.

MAT Á SKÓLASTARFI

Samkvæmt reglugerð ber leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið svo og stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans. Matið hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Innra mat

Í innra mati á skólinn að gera grein fyrir tengslum við þau markmið sem eru sett fram í aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Ársólar og aðferðirnar taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Kennarar í Ársól nota margvíslegar aðferðir til meta innra starfið. Heilsubók barnsins metur þroskaframvindu barnanna, heilsufar og félagslega færni og er hún fyllt út á vorönn. Gátlisti Samtaka heilsuleikskóla er notaður fyrir viðmið Heilsustefnunnar og fylltur út annað hvert ár. Einnig er notast við gátlista fyrir Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis og er gátlisti notaður við þann lykilþátt sem er verið að vinna með hverju sinni. Gátlistinn er fylltur út árlega og stefnt er að því að ná a.m.k. 80% árangri í hverjum lykilþætti.

Skólinn hefur sett sér fjögurra ára matsáætlun þar sem ákveðinir eru þeir umbótaþættir sem metnir eru hverju sinni. Námsvið leikskólans eru metin og að auki uppeldis- og menntastarf, stjórnun, mannauður, leikskólabragur og innra mat. Í áætluninni koma fram hver tækifærin eru til umbóta, markmið, leiðir að umbótum, tímasetning aðgerða, ábyrgðaraðili, matsaðferðir og hvenær niðurstöður eru metnar. Ákveðnir matskvarðar eru notaðir: Alltaf (76%-100%), Oft (51%-75%), Stundum (26%-50%) og Aldrei (0-25%) og leitast er til að leikskólinn nái viðmiðinu Alltaf (76%-100%).

Foreldrakannanir eru lagðar fyrir foreldra annað hvert ár og er markmið þeirra að kanna viðhorf foreldra til leikskólans. Starfsmannakannanir eru einnig lagðir fram annað hvert ár til að kanna líðan starfsmanna og sýn þeirra á starfið sem fer fram í leikskólanum. Niðurstöður úr þessum könnunum fara í umbótaáætlun ef það eru vissir þættir sem leikskólinn þarf að bæta sig í.

SAMSTARFSAÐILAR

Leikskólinn er í samvinnu við ýmsa aðila og mikilvægt er að þessi samvinna byggi á gagnkvæmri virðingu og trausti.

Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir eru samstarfsaðilar Ársólar:

- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
- Þjónustumiðstöð Grafarvogs, Miðgarður: faglegt eftirlit og ráðgjöf vegna sérkennslu.
- Samtök Heilsuleikskóla.
- Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK).
- Aðrir leikskólar sem Skólar ehf. reka
- Hreyfiland
- Heilsuvernd
- Fasteignasvið Reykjavíkurborgar
- Astra: rekstur á tölvukerfi og hýsing á gögnum



Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Áhersluþættir Heilsustefnunnar (2013). Sótt 5. mars af <http://heilsustefnan.is/>

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir (2006). *Heilsustefnan – Heilsuleikskólinn Urðarhóll*. Reykjavík: Iðnú bókaútgáfa.

Heilsueflandi leikskóli <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Hildur Halldórsdóttir. (2016). *Hopp og hí*. Reykjavík: Prentmet

Lög um leikskóla nr. 7/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Skólar á grænni grein, Eco-Schools Iceland, e.d. Sótt af <https://landvernd.is/graenfaninn/>

Skrefin sjö, e.d. Sótt af <https://landvernd.is/graenfaninn/skrefin-7/>